

VERIÐ VELKOMIN

Frístundir fyrir börn á Akranesi



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

UMFÍ



SKIPULAGT FRÍSTUNDASTARF



HVAÐ ER SKIPULAGT FRÍSTUNDASTARF?

Með skipulögðu frístundastarfi er átt við starf íþróttta- og tómstundafélaga þar sem börn og ungmenni stunda áhugamál sitt undir leiðsögn. Börn og ungmenni sem taka þátt í skipulögðu frístundastarfi eru meðal annars:

- Líklegri til þess að halda áfram að hreyfa sig eða stunda sitt áhugamál á fullorðinsárum
- Líklegri til þess að njóta velgengni í námi
- Líklegri til þess að eiga gott og stórt félagslegt stuðningsnet

Á Íslandi er rík hefð fyrir því að börn og ungmenni taki þátt í skipulögðu frístundastarfi. Dagleg hreyfing er börnum og ungmennum nauðsynleg fyrir andlega, líkamlega og félagslega vellíðan. Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi getur ýtt undir þá tilfinningu að tilheyra og taka þátt og því getur slíkt starf gegnt mikilvægu hlutverki í að virkja innflytjendur til þátttöku í samfélaginu.

FRÍSTUNDASTARF ER FYRIR ÖLL BÖRN OG UNGMENNI

Frístundir fyrir öll börn

Öll börn eiga þess kost að njóta frístunda á Akranesi og öll börn geta tekið þátt á eitthvern hátt. Akraneskaupstaður styrkir frístundaiðkun allra barna og unglinga á aldrinum 6-18 ára sem hafa lögheimili á Akranesi. Ef barn er orðið 18 ára á árinu þá sækir það sjálft um í þjónustugáttinni.

Frekari upplýsingar um tómstundaframlag má finna á www.akranes.is undir Þjónusta-Frístund og íþróttir - Tómstundaframlag.

Frístundaheimili

Frístundaheimili eru opin eftir að skóla lýkur til klukkan 16:15. Börnum gefst því kostur á faglegu frístundastarfi eftir þörfum hvers og eins, en í samræmi við gildandi reglur um frístund á Akranesi.

Frístundastrætó gengur um bæinn á virkum dögum til að auðvelda börnum og ungmennum að komast í frístundastarf eftir að skóla lýkur á daginn.

- **Brekkusel í Brekkubæjarskóla** - Fyrir börn í 1.-2.bekk. fristund@brak.is
- **Grundasel í Grundaskóla** - Fyrir börn í 1.-2.bekk. fristund@grundaskoli.is
- **Krakkadalur í Þorpinu** - Fyrir börn í 3.-4. bekk í Grundaskóla og Brekkubæjarskóla. fristund@torpid.is

Nánari upplýsingar má finna á www.akranes.is undir Þjónusta-Frístund og íþróttir - Frístundaheimili

Einnig er boðið uppá sumarfrístund fyrir börn í 1.-4. bekk en allar upplýsingar um það er að finna á www.skagalif.is

Frístundamiðstöðin Þorpið

Þorpið stendur fyrir fjölbreyttu og innihaldsríku starfi fyrir börn og ungmenni. www.torpid.is

[Þorpið veitir fría frístundaráðgjöf til foreldra og barna](#)

- **Arnardalur** - Félagsmiðstöð fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-16 ára
 - Dagstarf - Opið alla virka daga 13:00-16:00 fyrir 10-16 ára
 - Opið þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 19:30-22:00 fyrir 13-16 ára
 - Opið þriðjudaga og miðvikudaga kl. 17:00-19:00 fyrir 10-12 ára
- **Hvíta húsið** - Ungmennahús ætlað ungmennum 16-25 ára
 - Dagstarf - Opið alla virka daga 13:00-16:00 fyrir 16-20 ára
 - Opið mánudaga og fimmtudaga kl. 20:00-23:00



TÓMSTUNDIR & LISTIR

BJÖRGUNARFÉLAG AKRANESS



Unglingadeildin Arnes er frístundastarf á vegum Björgunarfélags Akraness fyrir unglunga í 9. og 10. bekk. Starfið fer fram eitt kvöld í viku með fjölbreyttri dagskrá þar sem m.a. er kynnst starfi björgunarsveitarinnar.

Fyrir frekari fyrirspurnir er hægt að hafa samband á facebook síðu félagsins <https://m.facebook.com/bjorgunarfelag>

TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS



Hlutverk Tónlistarskóla Akraness er að stuðla að öflugu tónlistarlífi, jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga. Tónlistarskólinn á Akranesi býr við góðan aðbúnað til kennslu að Dalbraut 1 og býður upp á fjölbreytileika í skólastarfinu.

Frekari upplýsingar má finna á www.toska.is

SKÁTAFÉLAG AKRANESS



Skátafélag Akraness er með starfsemi sína í Skátahúsinu við Háholt 24. Þar er starfsemi fyrir ungmenni á aldrinum 8-16 ára. Eldri skátum er velkomid að starfa sem foringjar og í bakvarðasveit okkar. Áhersla er lögð útiveru, hópefli og samvinnu.

Frekari upplýsingar má finna á www.skatarnir.is/skatafelag-akraness eða senda tölvupóst á skfakraness@skatarnir.is

TÓMSTUNDIR & LISTIR

BÓKASAFN AKRANESS



Á Bókasafni Akraness fer fram fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa. Foreldramorgnar, sögustundir, handavinnuhópar, leshópar, fjölskyldudagar og fleira. Þá eru oft viðburðir og sýningar á safninu.

Fylgist með á facebook síðu safnsins www.facebook.com/bokasafn.akraness og www.bokasafnakraness.is/

BARNA- & UNGLINGASTARF AKRANESKIRKJU



Barna og æskulýðsstarf Akraneskirky er jákvætt og skemmtilegt starf fyrir börn á öllum aldri frá 6 -16 ára í þremur aldurskiptum hópum. Áhersla er lögð á jákvæða uppbyggingu og kristileg gildi.

Nánari upplýsingar á www.akraneskirkyja.is

ÆGIR



Krakka og unglunga-fit eru fjölbreyttir tímar þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar sem allir geta tekið þátt í óháð færni eða reynslu af líkamsrækt.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Ægis <https://aegirgym.is/> og skráning fer fram á <https://www.abler.io/shop/aegirgym>

ÍPRÓTTIR - ÍA

ÍA býður alla nýliða hjartanlega velkomna í hópinn

ÍA samanstendur af mörgum aðildafélögum sem bjóða uppá fjölbreytta flóru íþróttagreina sem hægt er að stunda. Frekari upplýsingar um öll aðildafélög ÍA, æfingatöflur og fleira má nálgast á heimasíðu Íþróttabandalag Akraness: www.ia.is



Skráning í íþróttastarf á Abler. Aðildafélög ÍA notast við Abler sem er vef- og snjallsímaforrit sem heldur utan um skipulag og einföld samskipti í íþróttastarfi. Skráning og greiðslur fara fram alfarið í gegnum Abler og mikilvægt að forráðamenn kynni sér og sækji forritið. www.abler.io

Badminton - Blak - Fimleikar - Golf - Hestar - Hnefaleikar -
Karate - Keila - Klifur - Knattspyrna - Kraftlyftingar -
Körfuknattleikur - Rafíþróttir - Siglingar - Sund -
Skipaskagi - Þjótur



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

UMFÍ

